

Stækkun Sultartangastöðvar

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 25. janúar 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um fyrirhugaða stækkun Sultartangastöðvar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02, í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Fiskistofu, Forsætisráðuneytisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun Sultartangastöðvar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fyrirsögn um matsskyldu. Landsvirkjun, janúar 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi með bréfi dags. 6. febrúar 2019
- Fiskistofu með bréfi dags. 21. febrúar 2019
- Forsætisráðuneytinu með bréfi dags. 25. febrúar 2019
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 6. febrúar 2019
- Orkustofnun með bréfi dags. 4. mars 2019
- Umhverfisstofnun með bréfum dags. 15. febrúar og 28. mars 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 20. mars 2019

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að með tilkomu stækkaðrar Búrfellsstöðvar, sem tekin var í notkun um mitt ár 2018, aukist virkjað rennsli Búrfellsstöðvar úr 288 m³/s í um 380 m³/s. Hámarksrennsli að Sultartangastöð sé um 322 m³/s og komi til þess að keyra þurfi Búrfellsstöð á fullum afköstum verði að hleypa vatni um farveg Þjórsár frá Sultartangalóni framhjá Sultartangastöð að Ísakoti, inntaki Búrfellsstöðvar. Við það muni vatn renna óvirkjað framhjá Sultartangastöð. Að vetri til geti skapast talsverð vandamál við slíkar aðstæður þar sem snjóalög og ís geti valdið krapaflóði og erfiðleikum við Ísakot og þar með rekstrartruflunum í Búrfellsstöð.

Landsvirkjun ráðgerir því að auka afl Sultartangastöðvar um allt að 8 MW sem felur í sér aukningu á rennsli úr 322 m³/s í allt að 380 m³/s. Gera þarf breytingar á vélbúnaði stöðvarinnar, sem m.a. felur í sér slípun hverfla -og rafalaöxuls auk lagfæringa á rafala sem eingöngu eru framkvæmdar inn í stöðvarhúsi virkjunarinnar. Engar breytingar eða viðbætur verða gerðar á mannvirkjum og framkvæmdin felur ekki í sér jarðrask.



4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur að í rekstri stöðvarinnar muni meira vatn renna um frárennisskurð frá virkjun, straumhraði muni hins vegar ekki aukast en rof í bökkum skurðarins kunni að aukast. Rof hafi þar átt sér stað, sem brugðist hafi verið við með viðgerðum og fyrirséð sé að víðar þurfi að styrkja bakka skurðar. Það sé hluti af núverandi rekstri og nýjar styrkingar muni verða gerðar með það í huga að skurður muni þurfa að flytja meira vatn.

Fram kemur að framhjárennsli á um 10 km kafla í farvegi Þjórsá frá Sultartangalóni að inntaksmannvirkjum Búrfellsvirkjunar við Ísakot muni minnka að sumarlagi (1. maí -30. september) um 10-20 m³/s miðað við það sem nú sé en engin merkjanleg breyting verði á lónhæð í Sultartangalóni.

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um hvernig Landsvirkjun hyggst vakta lífríki í vatnshlotinu og í hvaða mótvægisáðgerðir verði farið til að viðhalda rennsli í Þjórsá og til að viðhalda vatnalífi. Mikilvægt er að það komi fram hver áhrif minnkandi rennslis kunni að hafa á vistkerfi Þjórsár á þessum 10 km kafla. Stofnunin vísar til skýrslu Hafrannsóknarstofnunar, Haf - og Vatnarannsóknir - Áhrif virkjana á rennsli og vatnasviði Þjórsár og Tungnaár frá nóvember 2017 en þar komi m.a. fram að einungis þurfi lítið vatnsrennsli um farveg Þjórsár neðan Sultartanga til að auka mikið möguleika á lífrænni framleiðni á þessum kafla árinna að Bjarnalóni.

Í svörum Landsvirkjunar kemur fram að engar upplýsingar séu til um vistkerfi svæðisins fyrir virkjun og því erfitt að meta áhrif á það en hafi lífríki verið í ánni fyrir virkjun sé það horfið þar sem að farvegur Þjórsár neðan Sultartangastíflu hafi verið nánast þurr stóran hluta ársins frá árinu 2000. Ef ákvörðun verði tekin um að tryggja stöðugt rennsli í farveginum muni koma til sérstakrar skoðunar að hefja vöktun á lífríki.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem fyrir liggi að líklegt sé að fiskur eða annað vatnalíf sem hafi verið á svæðinu fyrir virkjun sé nú horfið þar sem ekkert vatn renni um farveginn stóran hluta ársins séu umhverfisáhrif framkvæmdanna því þegar komin fram. Með hliðsjón af því telji Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð aflaukning rúmast ekki innan gildandi virkjunarleyfis Sultartangavirkjunar og þarf Landsvirkjun því að sækja um nýtt virkjunarleyfi til Orkustofnunar áður en til framkvæmda kemur.

Leyfi forsætisráðuneytis þarf til nýtingu vatnsréttinda innan þjóðlendu skv. lögum um þjóðlendur. Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vegna aflaukningar, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá þarf að sækja um leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aflaukningu Sultartangastöðvar um allt að 8 MW sem felur í sér aukningu á rennsli úr 322 m³/s í allt að 380 m³/s. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli, staðsetning og eiginleikar áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar svo sem stærð og umfangi, staðsetningu og eiginleikum hugsanlegra áhrifa sbr. 1-3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Framkvæmdin felur í sér að orkuframleiðsla Sultartangavirkjunar verður aukin með því að gera breytingar á vélbúnaði stöðvarinnar inni í stöðvarhúsi virkjunarinnar. Framkvæmdin felur í sér bættu nýtingu náttúruauðlinda þar sem aukið vatnsmagn sem þörf er á við Búrfellsvirkjun verður nýtt til raforkuframleiðslu í Sultartangavirkjun í stað þess að láta það renna framhjá henni.

Við framkvæmdir mun ekki verða rask á landi, ekki verður um mannvirkjagerð að ræða eða breytingar utanhúss.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun Sultartangavirkjunar felast fyrst og fremst í því að breyting verður á rennsli í farvegi Þjórsár á um 10 km kafla frá Sultartangalóni að inntaksmannvirkjum Búrfellsvirkjunar. Þetta kann að hafa í för með sér einhverjar ásýndarbreytingar að sumarlagi á viðkomandi kafla. Fyrir liggur hins vegar að farvegur Þjórsár hefur verið þurr á löngum tímabilum allt frá árinu 2000 þannig að áhrif á vatnalífriki eru þegar komin fram og minnkað sumarrennsli kemur ekki til með að hafa frekari áhrif.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. maí 2019.

Reykjavík, 10. apríl 2019

Jakob Gunnarsson